


DAGLEGT LÍF

Gamalt hús með sérstakan anda og vænar vörur



Lampi Sigrúnar og karfa eftir Margréti

Það eru hangandi ullarvoðir, furðufuglar og bláir hvalir, veski úr marglitu steinbítsroði, skræpóttar tágakörfur í öllum stærðum og gerðum, sérkennilegar bækur og bréfsefni. Innréttingin er fornleg, og það brakar í gólfinu því að húsið er gamalt. Það er við Vesturgötuna og þar er ný búð sem selur íslenskt handverk. Búðin heitir því rómantíska nafni Kirsuberjatréd.

Það eru fimm eigendur að Kirsuberjatrénu; Margrét Guðnadóttir körfugerðarkona, Anna Þóra Karlsdóttir sem vinnur úr flóka, Arndís Jóhannsdóttir sem vinnur úr steinbítsroði, Sigrún Kristjánsdóttir sem gerir húsgögn og litla tréhluti, og svo hlutafélagið Randalín handverkshús frá Egilsstöðum sem selur aðalega bókbandsvinnu og vefnaðarvöru í Kirsuberjatrénu.

Húsið fæddi af sér hugmyndina

Sigrún segir að húsið hafi fætt af sér hugmyndina um búðarreksturinn. „Húsið er svo sjarmerandi, gamalt og sérstakur andi hérna. Auðvitað á það ekki allan þátt í því sem við erum að gera, við höfum gert það sem við gerum núna í mörg ár. Við erum loksins að koma fram með okkar hluti, og besta kynning sem býðst er að reka svona búð.“

Samstarfið hófst með Sigrúnu og Margréti, þegar Brúðuhúsið var enn í húsinu. Þá skiptist plássíð í tvær búðir, Brúðuhúsið annars vegar og Kirsuberjatréd hinsvegar, svo hætti Brúðuhúsið og þær fóru að leita að meðeigendum. „Við völdum meðeigendur eftir því sem þeir voru að gera en ekki eftir persónum. Við vildum að hér yrði selt eitthvað sérstakt, ekki myndir eða skartgripir, heldur þrívíddir hlutir, sem væru einstakir.“ Aðeins Sigrún og Margrét þekktust áður, svo komu Arndís og Anna Þóra og hlutafélagið Randalín inn í reksturinn. Þær höfðu allar vitað af hver annarri, enda hafa þær allar fjórar kennt á námskeiðum út um landið, m.a. hjá Randalín á Egilsstöðum, og jafnvel verið á námskeiðum hjá hver annarri.

Sigrún lærði húsgagnahönnun og



Morgunblaðið/Emilia

EIGENDUR að Kirsuberjatrénu, Anna Þóra Karlsdóttir, Sigrún Kristjánsdóttir, Margrét Guðnadóttir og Arndís Jóhannsdóttir.



Flókaveski eftir Önnu Þóru



Veski úr steinbítsroði eftir Arndísi

smíði í Hollandi, og selur margskonar tréhluti í búðinni, frá litlum trédýrum uppí stærri húsgögn. „Litlu og ódýrari hlutirnir seljast mest, enda er fólk oft að leita að lítilli og sérstakri tækifærissgjöf. En það er hægari sala í stærri og dýrari hlutunum og fólk kaupir þá frekar fyrir sjálft sig. Annars greiðir góð sala í litlu hlutunum fyrir að frekar er hægt að nostra við stóru og vandadri hlutina, án þess að tapa á þeim.“

Litað steinbítsroð og flóki

Arndís lærði söðlasmíði í Englandi, og fór að vinna með sútað steinbítsroð fyrir 11 árum. Hún litar roðið og býr til veski, töskur og skálar úr roðinu. Það er mikil vinna sem stendur á bak við hvert veski og roðið vandmeðfarið. Þegar hún er spurð hvort að vörurnar séu ekki náttúruvænar, þá svarar hún brosandí: „Við viljum frekar kalla þær vænar vörur, því okkur finnst náttúruvænt eitthvað svo ofnotað orð.“

Anna Þóra er myndlistamaður frá

Myndlist og handið og starfar sem myndlistakennari. Hún hefur aðalega unnið í textíl, og hefur prófað sig áfram með flókann meðfram starfinu. „Þetta er mjög skemmtilegt. Flóki er ullin á fyrsta stigi, þegar ekkert er búið að vinna með hana. Ég þæfi hana fyrst og svo bý ég til voðir, ég nota til þess aldargamla aðferð sem þekktist frá hirðingjum í Asíu. Ullin er sett í ákveðið mynstur og bleytt með heitu vatni og rúllað upp, svo úr verður voð.“

Fléttar körfur fyrir framan sjónvarpið

Margrét lærði körfugerð þegar hún var út í Bandaríkjunum, en þar er mikil körfugerðarhefð. Körfunar eru unnar úr bambus frá Asíu, sem hvergi þekktist nema þaðan. „Ég hef búið til allt að 500 körfur á einu ári, ég flétti körfur oft fyrir framan sjónvarpið, og tek stundum frekar videómynd heldur en að fara á bíó, því ég kann ekki einhvern veginn við það að vera að flétta körfur í bíó“, segir hún hlægjandi.

Hugmyndir eru dýrmætar

Þær framleiða allt sjálfar sem þær selja í búðinni, og þurfa þess vegna að framleiða látlaust. Þær eru allar sammála um að það verði að vinna vel úr hverri hugmynd því að hugmyndir eru dýrmætar. Þær segja að húsnæðið sé ódýrt og lítið þurft að gera við, og því sé mögulegt að halda vöruverði niðri.

Þórdís Hadda Yngvadóttir